




Svífðu líttla, létta blað ...

Að kenna erlendum nemendum orðaforða námsgreina

Erlendar rannsóknir benda til þess að við bíðum oft of lengi með að ætla nemendum sem eru að tileinka sér annað mál, að taka þátt í kennslustundum bóklegra námsgreina (Thomas og Collier, 1997). Það er hins vegar mikilvægt að kennsluáðferðir taki tillit til þessara nemenda með áherslu á samvinnu og umræður um námsefnið. Einnig er bent á að kennari þurfi að velja hugtök úr námsefninu sem hann ætlar að kenna sérstaklega, hafa þau sýnileg í kennslustofunni, rifja þau upp og vinna með þau. Thomas og Collier (1997) benda einnig á að því meira sem nemandi getur hugsað um og rætt námsefni á móðurmáli sínu, því betri árangri nái hann.

Öll vinna með virkri þátttöku krakkanna skilar sér vel til erlendra nemenda. Hún er líka skemmtileg, eins og meðfylgjandi mynd af 10. bekkjum í Brekkuskóla ber með sér. Þar tekur tailenskur nemandi, sem aðeins er búinn að vera í skólanum í viku, þátt í náttúrufræðitíma hjá Hönnu Dóru. Þeir félagar eru glaðbeittir, þar sem þeir eru að skoða auga fisks.



Nemendur í 1. bekk læra um dýrin og móðurmál allra eru sýnileg!

Úr ýmsum áttum:



Túlkun á pólsku

Radek, sem hefur verið okkur mikið innan handar við túlkun fyrir pólska foreldra, hefur tekið sér hlé frá túlkastörfum í bili. Eva María Ingvadóttir hefur hins vegar bæst í hóp pólskra túlka og hefur túlkað fyrir nokkra skóla nú á vordögum.

Fræðsla til nemenda

Núna í maí heimsótti ég nemendur 9. bekkjar í Lundarskóla og ræddi við þá um hvernig það væri að flytja til annars lands; hvað þurfi að gera og hvað þurfi að læra. Sömuleiðis ræddum við um fordóma gagnvart hinum ólíkustu hópum. Þetta er efni sem gott er að taka upp með nemendum annað slagið og krakkarnir voru fínir áheyrendur.

Síðasti fundur vetrarins með tengiliðum skólanna

Þann 24. maí var síðasti fundur minn með tengiliðum skólanna. Fimm fundir hafa verið haldnir í vetur og allar fundargerðir eru á heimasíðunni www.akmennt.is/erlendir



Kynning á löndum, þjóðum og tungumálum

Föstudaginn 24. maí buðu 1. bekkingar í Oddeyrarskóla foreldrum í heimsókn og kynntu fyrir þeim heimalönd nemenda bekkjarins. Krakkarnir höfðu fengið ýmsar upplýsingar um lönd og siði, málað lönd og fána. Þeir töldu upp að 10 á 5 tungumálum og dönsuðu að lokum eistneskan hringdans.

- Erlendir foreldrar höfðu áður verið duglegir að koma í heimsókn og fræða krakkana og lesa fyrir þá á móðurmáli sínu.



Með mynd af þessum svartþresti á Hamar-kotstúni þakka ég ykkur kærlega fyrir gott samstarf í vetur og vona að þið njótið sumarsins!

Helga